



„Námið við tölvunarfræðideild HR er krefjandi, fjölbreytt, áhugavert og hagnýtt. Kennararnir eru áhugasamir um efnið og leggja sig fram við kennsluna. Einfaldir hlutir eins og hljóðupptökur af fyrirlestrum auka gæði kennslunnar mjög mikið. Mikil áhersla er lögð á að hlusta á óskir og tillögur nemenda varðandi námið. Fyrir vikið er námið í stöðugri endurskoðun og maður finnur að það ríkir afskaplega mikill metnaður í deildinni.“

*Jóra Jóhannsdóttir,
nemi í kerfisfræði*

„Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík skartar þaulreyndum kennurum með yfirgripsmikla þekkingu í fræðunum. HR veitir nemendum aðhald við námið með margvíslegum leiðum svo sem með ókeypiss aukatímum í forritun, greiðu aðgengi að kennurum sem og dæmatíma-kennurum. Nemendum stendur til boða að fara í þjálfunarbúðir fyrir forritunarkeppni háskóla og allir fyrirlestrar námsins eru á vefnum, nemendum til þæginda. Margvísleg aukanámskeið eru í boði, gagngert til þess að hjálpa nemendum að ná upp færni í námi og námstækni, nemendum að kostnaðarlausu. Í HR er námsaðstaða rúm, umvafin stórbrotnu umhverfi.“

*Arelíus Sveinn Arelíusarson,
nemi í tölvunarfræði*

Nánari upplýsingar:



Sigrún María Ammendrup
Verkefnastjóri
sma@hr.is
Sími 599 6510



KERFISFRÆÐI DÍPLÓMANÁM



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



Tölvunarfræðideild HR leggur áherslu á að útskrifa öfluga sérfræðinga fyrir íslenskt atvinnulíf, með það að markmiði að þeir sem útskrifast verði eftirsóttir starfskraftar á vinnumarkaðinum.

Við deildina er boðið upp á 120 ECTS nám til diplómaprófs í kerfisfræði (Diploma in Applied Computing) í hefðbundnum dagskóla, háskólanámi með vinnu (HMV) og í fjarnámi. Nemendur geta að lokinni prófgráðu í kerfisfræði ákveðið að halda áfram og lokið BSc-prófi í tölvunarfræði en þurfa þá að bæta við sig einu námsári (60 ECTS).

TÖLVUNARFRÆÐIDEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

SKIPULAG NÁMS

Nemandi þarf að ljúka 120 ECTS einingum til kerfisfræðiprófs. Þar af þurfa að minnsta kosti 108 ECTS einingar að vera innan tölvunarfræðideildar (TD), þ.m.t. öll kjarnafög kerfisfræðinámsins. Allir kerfisfræðinemendur hafa 12 ECTS eininga valfrelsi utan TD. Samskonar reglur gilda um námskeiðaval utan TD og í BSc-náminu. Lokaverkefni vinnur nemandi í TD.

FJARNÁM OG HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU (HMV)

Við tölvunarfræðideild HR er boðið upp á fjarnám og háskólanám með vinnu (HMV). Háskólanám með vinnu og fjarnám eru góðir valkostir fyrir fólk sem vill stunda fullgilt nám í háskóla samhliða vinnu en hefur ekki kost á að sækja dagskóla. Fjarnám hentar einnig sérstaklega vel fólki sem dvelur utan höfuðborgarsvæðisins.

FYRIRKOMULAG ANNA – HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU (HMV) OG FJARNÁM

Nemandi setur upp námskipulag miðað við tíma og getu en flestir ljúka náminu á fjórum árum meðfram vinnu. Hægt er að ljúka náminu á styttri eða lengri tíma en nemandi verður að passa upp á að uppfylla undanfara fyrir hvert námskeið og reglur um hámarksnáms tíma. Leita má til verkefnastjóra grunnnáms til að setja upp skynsamlegt námskipulag. Námið nýtist að fullu kjósi nemandi að skipta yfir í dagskóla. Nemendur geta ákveðið síðar að halda áfram og ljúka BSc-prófi í tölvunarfræði en þurfa þá að bæta við sig einu námsári (60 ECTS).

KERFISFRÆÐI TIL DIPLÓMAPRÓFS

2ja ára nám, 120 ECTS einingar



DIPLÓMAPRÓF Í KERFISFRÆÐI – FJARNÁM

Fjarnám er góður valkostur fyrir einstaklinga sem vilja stunda fullgilt nám í háskóla en hafa ekki kost á að sækja nám í dagskóla. Námið hentar einnig vel fólki sem dvelur utan höfuðborgarsvæðisins. Sífellt meiri kröfur eru gerðar til menntunar og æ fleiri kjósa að afla sér háskólamenntunar á sviði upplýsingatækni.

DIPLÓMAPRÓF Í KERFISFRÆÐI – HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU (HMV)

Háskólanám með vinnu (HMV) er góður valkostur fyrir einstaklinga sem vilja stunda fullgilt nám í háskóla samhliða vinnu. Nemendur í HMV mæta í dæmatíma í skólann einu sinni í viku eftir kl. 16:20 í hvert námskeið. Námsárinu er skipt í þrjár annir; vor-, sumar- og haustönn. Haustannir eru 15 vikur (3+12) og vorannir 15 vikur (12+3). Sumarönn er sex vikur. Lokapróf í námskeiðum fara almennt fram á dagskólatíma og þurfa nemendur í HMV að hafa aðstöðu til að mæta í þau próf. Einnig getur komið upp sú staða að nemendur í HMV séu boðaðir í önnur próf eða mikilvæga fundi á dagskólatíma, en reynt er að halda því í lágmarki.

Háskólamenntun í tölvunarfræði er fjárfesting sem getur skilað þér betra starfi, hærri launum og meiri starfsánægju. Gerðar eru sömu kröfur til nemenda í fjarnámi og í háskólanámi með vinnu eins og nemenda í dagskóla og þreyta nemendur sömu próf.

